

Tilmæli 23/2024
Tillaga A 1978/UHN
Afgreiðsla Norræna sjálfbærninefndin

Nefndarálit um svar við tilmælum 23/2024 um bann við námuvinnslu á djúpsjávarbotni (A 1978/UHN)

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að Norðurlandaráð taki svar við tilmælum 23/2024 til greina og bíði *pólítíks samráðs* hvað varðar bann við námuvinnslu á djúpsjávarbotni.

Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ríkisstjórnanna á Norðurlöndum

að leggja bann við námuvinnslu á djúpsjávarbotni á alþjóðlegum hafsvæðum á meðan umhverfislegar, félagslegar og efnahagslegar afleiðingar hennar hafa ekki verið rannsakaðar að fullu

Svar norrænu ríkisstjórnanna

Samkvæmt hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna telst hafsbótinn og botnlög utan marka innlendrar lögsögu, svokallaður djúphafsbótinn („svæðið“ samkvæmt orðalagi hafréttarsáttmálans), svo og jarðefnaauðlindir hans, til sameiginlegrar arfleifðar mannkynsins og getur ekkert ríki gert tilkall til eða beitt fullveldisrétti eða -réttindum yfir honum eða jarðefnaauðlindum hans. Það er Alþjóðahafsbotsstofnunin, ISA, sem stofnsett var með hafréttarsamningnum, sem fer með málefni hafsbotsins. Öll norrænu löndin eru aðilar að hafréttarsamningnum og Alþjóðahafsbotsstofnuninni.

Samkvæmt hafréttarsamningnum þarf samþykki aðalráðs Alþjóðahafsbotsstofnunarinnar fyrir því að leita að, rannsaka og vinna jarðefni á djúphafsbótinni. Stofnunin ber jafnframt ábyrgð á því að semja reglur, leiðbeiningar og verklagsreglur (svokallaðan námuvinnslusáttmála) um leit, rannsóknir og vinnslu á jarðefnaauðlindum. Samkvæmt hafréttarsamningnum eiga reglur, leiðbeiningar og verklagsreglur jafnframt að tryggja vernd hafumhverfisins gegn þeim skaðlegu áhrifum sem af starfseminni kunna að hljóta. Þeir hlutar námuvinnslusáttmálans sem varða leit og rannsóknir eru tilbúnir en viðræðum um þann hluta sem snýr að vinnslu standa enn yfir hjá aðalráði Alþjóðahafsbotsstofnunarinnar. Samkvæmt ákvörðun stofnunarinnar



sumarið 2023 (ISBA/28/C/24) er markmiðið að námuvinnslusáttmálinn verði samþykktur á fundi stofnunarinnar 2025.

Í tengslum við viðræðurnar um vinnsluhluta sáttmálans hafa nokkur aðildarríki Alþjóðahafsbotnsstofnunarinnar farið fram á að því verði enn frestað að hefja vinnslu á jarðefnum á djúpahafsbotni og sagt að frekari rannsókna sé þörf áður en hægt verði að taka upplýsta ákvörðun (svokallað varúðarhlé). Nokkur lönd álíta á hinn bóginn að einnig sé hægt að taka tillit til umhverfissjónarmiða í námuvinnslusáttmálanum og í ákvörðunum um vinnslu.

Árið 2021 vísaði Nárú til ákvæðis í viðauka við samninginn um framkvæmd XI. kafla hafréttarsamningsins en samkvæmt því ber aðalráðinu að samþykkja sáttmálann í síðasta lagi tveimur árum eftir að beiðni er lögð fram. Sumarið 2023 samþykkti aðalráð Alþjóðahafsbotnsstofnunarinnar að meðhöndla mál sem varða innleiðingu ofangreinds ákvæðis sem aðkallandi, berist stofnuninni umsókn um vinnslu á jarðefnum áður en námuvinnslusáttmálinn hefur verið samþykktur (ISBA/28/C/25).

Fyrst eiga aðildarlöndin 36 sem eiga sæti í aðalráði Alþjóðahafsbotnsstofnunarinnar að samþykkja sáttmálann og því næst þing stofnunarinnar sem öll aðildarríki sitja. Hins vegar er það eingöngu aðalráð Alþjóðahafsbotnsstofnunarinnar sem samþykkir vinnslu jarðefnaauðlinda.

Um er að ræða marghliða ákvarðanatöku. Einstök aðildarlönd að Alþjóðahafsbotnsstofnuninni geta tekið þátt í fundum stofnunarinnar og komið sjónarmiðum sínum á framfæri. Norrænu ríkisstjórnirnar hafa nýtt sér þetta með hliðsjón af landsstefnum sínum og sumar hafa talað fyrir varúðarhléi. Alþjóðahafsbotnsstofnunin hefur ekki enn samþykkt sáttmálann eða fengið umsókn um vinnslu. Sem aðilar að Alþjóðahafsbotnsstofnuninni eða aðalráði þess geta norrænu löndin komið að ákvarðanatöku í viðkomandi stofnun en þau hafa ekki heimild til þess að taka einhliða ákvarðanir um að veita leyfi til námuvinnslu á djúpsjávarbotni á svæðinu.

Norrænu ríkisstjórnirnar telja hér með að ekki sé unnt að verða við tilmælunum.

Sjónarmið nefndarinnar

Á nefndarfundi hinn 31. mars 2025 tileinkaði nefndin sér svarið við tilmælum 23/2024 um bann við námuvinnslu á djúpsjávarbotni og ákvað að bíða pólitíks samráðs.

Nefndin er meðvituð um að norrænu ríkisstjórnirnar telja að ekki sé hægt að verða við tilmælunum þar sem um er að ræða marghliða ákvarðanatöku. Samkvæmt hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna eru djúpsjávarauðlindir sameiginleg arfleifð



mannkynsins og er stjórnað af Alþjóðahafsbotnsstofnuninni, sem öll Norðurlöndin eru aðilar að. Ríkisstjórnirnar hafa tekið þátt í fundum stofnunarinnar á reglna í hverju landi fyrir sig og hafa sumar þeirra mælt með varúðarhléi. Engin lög um námuvinnslu hafa enn verið samþykkt né hafa umsóknir um vinnslu borist. Norðurlöndin eru aðilar að ákvarðanatöku en geta ekki einhliða leyft djúpsjávarvinnslu.

Með hliðsjón af þessu hvatti flokkahópur miðjumanna til að bíða pólitískt samráðs, þar flokkahópurinn telur að tilmælunum um að norrænu ríkisstjórnirnar leggi bann við námuvinnslu á djúpsjávarbotni á alþjóðlegum hafsvæðum á meðan umhverfislegar, félagslegar og efnahagslegar afleiðingar hennar hafa ekki verið rannsakaðar að fullu er ekki fyllilega svarað í svarinu við tilmælunum. Flokkahópur jafnaðarmanna studdi tillögu flokkahóps miðjumanna um pólitískt samráð og nefndin samþykkti tillöguna um að bíða pólitískt samráðs.

Helsinki, 31. mars 2025

Tove Elise Madland (A)

Johan Andersson (S)

Karin Gaardsted (S)

Malte Larsen (S)

Mats Wiking (S)

André N. Skjelstad (V)

Emma Berginger (MP)

Krista Mikkonen (gröna)

Lene Westgaard-Halle (H)

Karsten Filso (SF)

Juho Eerola (saf)

Staffan Eklöf (SD)

Himanshu Gulati (FrP)